

Samhentir Kassagerð ehf.  
Suðurhrauni 4a  
210 Garðabæ

Reykjavík, 7. maí 2020  
UST202004-145/G.R.G.  
07.07.02

### Stöðvun markaðssetningar á Keeper illgresiseyði - úða

Vísað er til bréfs dags. 22. apríl 2020 þar sem áformað var að stöðva markaðssetningu á vörunni *Keeper illgresiseyðir - úði* sem Samhentir Kassagerð ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á. Áformað var að stöðva markaðssetningu vörunnar vegna þess að ekkert markaðsleyfi er til staðar fyrir henni hér á landi og markaðssetning því ólögleg sbr. 35. gr. efnalaga nr. 61/2013.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og gegnir hlutverki lögbærs yfirvalds samkvæmt reglugerð nr. 544/2015 um plöntuverndarvörur. Stofnunin annast jafnframt eftrlit með framkvæmd efnalaga og reglugerða settra samkvæmt þeim, sbr. XI. kafli efnalaga.

Í framangreindu bréfi var Samhentum Kassagerð ehf. veittur frestur til 6. maí 2020 til að verða við kröfum Umhverfisstofnunar og til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga. Fyrirtækið hefur tilkynnt stofnuninni að það hyggist ekki sækja um markaðsleyfi fyrir umræddri vörum en að öðru leyti bárust engin andmæli.

Nánar er greint frá umfangi og niðurstöðum eftirlitsins í eftirlitsskýrslu sem fylgdi framangreindu bréfi dags. 22. apríl 2020 þar sem áformað var að stöðva markaðssetningu vörunnar.

Markmið efnalaga er að tryggja að meðferð á efnum, efnablöndum og hlutum sem innihalda efni valdi hvorki tjóni á heilsu manna og dýra né á umhverfinu, tryggja frjálst flæði á vörum á innri markaði EES og að koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu. Að mati Umhverfisstofnunar gengur markaðssetning vörunnar *Keeper illgresiseyðir - úði* gegn framangreindu markmiði efnalaga.

**Að framansögðu stöðvar Umhverfisstofnun markaðssetningu vörunnar í samræmi við heimild stofnunarinnar skv. 58. gr. efnalaga nr. 61/2013.** Í stöðvun markaðssetningar felst að óheimilt er að markaðssetja vöruna en með markaðssetningu er átt við það að sjá þriðja aðila fyrir vörunni, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds. Flutningur vörunnar inn á Evrópska efnahagssvæðið telst einnig markaðssetning sbr. 22. tölul. 3. gr. efnalaga.

Stöðvun markaðssetningar tekur gildi nú þegar og skal fyrirtækið innkalla vöruna úr þeim verslunum þar sem hún er í sölu. Fyrirtækinu er heimilt að endursenda vöruna til erlends birgja sé þess kostur en að öðrum kosti krefst Umhverfisstofnun þess að vörunni verði fargað með öruggum hætti hjá viðurkenndum móttökuaðila spilliefna enda liggur fyrir að fyrirtækið hyggst ekki bæta úr ágöllum vörunnar. Staðfestingu á endursendingu eða förgun vörunnar skal senda til Umhverfisstofnunar merkt málsnúmerinu UST202004-145 fyrir 29. maí 2020.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því á að ákvörðun þessi verður birt á vefsíðu stofnunarinnar í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga.

Ákvörðun þessi er kæranleg til umhverfis- og auðlindaráðherra, sbr. 68. gr. efnalaga. Um kærurétt og málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum. sbr. VII. kafli. Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.

Jafnframt er vakin athygli á því að aðeins eru gerðar athugasemdir við þá vörur sem lenti í úrtaki eftirlitsins. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem fyrirtækið flytur til landsins og/eða markaðssetur standist ekki kröfur efnalaga og þarfnið því lagfæringa

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum. Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð 39.600 kr.

Upplýsingar um plöntuverndarvörur og markaðsleyfi má nálgast á vefsíðu Umhverfisstofnunar - <https://www.ust.is/atvinnulif/efni/plontuverndarvorur/>

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Helgu Aspar Jónsdóttur, í síma 591-2000 eða í gegnum netföngin helgaj@ust.is til að fá nánari upplýsingar um plöntuverndarvörur og markaðsleyfi.

Virðingarfyllst,



Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri



Gísli Rúnar Gíslason  
lögfræðingur